

Vel launuð vinna.

Vér viljum fá 10 Íslendinga í hreinlega innanhúss vinnu. Kaup \$25-\$50 á viku, í bænum eða í sveitahörpum. Enga æfingu, en vilja og ástundun að nema kakaralón. — Staða ábyrgst og öll áhöld gefins. Skrifstíð eða talið við Hemphill Barber College, 580 Main St., Winnipeg.

Heimskringla.

Staða fyrir 15 Íslendinga

Vér höfum stöður fyrir nokkra menn, er hafa vilja að fara með og gera við bíla, batteri o. s. frv. Viðgangsmesti iðnaður í veröldinni. — Kaup strax. Bæklingur ókeypis. — Skrifstíð eða talið við Hemphill Trade Schools, 580 Main, Street, Winnipeg.

XL. ÁRGANGUR.

WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN, 22. DESEMBER, 1925.

NÖMER 12

Heimskringla óskar öllum lesendum sínum GLEÐILEGRA JÓLA

JÓL.

Svona líður líf og tíð! Blessuð jólin komin aftur! Enn á ný er í garð genginn hinn árlegi gestur — ársins einkennilegasti gestur, jólahátíðin.

Jólin eru orðin árleg alþjóðahreyfing. Þau setja svo öflugt röt á hið kristna mannfélag, að breiðar bylgjur áhrifanna berast til fjarstu stranda mannglegra bygða, þótt heiðnar kallist.

Þannig eiga jólin erindi við undramarga, og fjölbreytt er erindið. Sjá, — suma heimsækja þau svo sem óvenju arðvænlegt verzlunar- og gróðafyrirtæki. Öðrum eru þau tilvalinn tími gleðskapar og glæfra-nautna. Fjöldamörgum eru þau lífgandi ljós og yður heimilislífsins og ástvinabandsins. Vinir sækja vini heim. Vinir og vandamenn minnast hver annars á ljúfari og hughlýrri hátt en, ef til vill, aðra tíma ársins. Kærum endurminningum er leyft að vakna og hjala þýðlega, og óhversdagslegar tilfinningar hreyfa sér. Menn kasta yfirleitt af sér þeirri skel harðúðar og þurlyndis, sem ella kann að setjast á geðlag þeirra.

Þá eru og þeir menn og konur, sem fagna hátíðinni fyrst og fremst í trúarinnar heilaga nafni. Í þeirra augum er hún árlega af guði send, til þess að vekja mannkynið til rannsakandi hugunar á eðli og tilgangi lífsins. Þeir treysta því, að í ljósi Betlehemsstjörnunnar sjáist skýrast máttug föðurelska guðs, og æðsta fagnaðarefni mannlífsins.

Loks má segja, að öll þessi ólíku fyrirbæri, sem jólin vekja í hugsana- og athafnalífi manna, blandist meira eða minna hjá fjölmörgum einstaklingum. Ef til vill eru þeir í stærsta hópnum, sem segja má um, að jólin séu þetta alt í senn: ábatatími, lystisemdatími, vinafagnaðartími og — trúarhátíð. Fjöldinn af oss er svo gerður, að vér getum undravel samrýmt alt þetta. — — —

Eitt er það þó — þrátt fyrir allan mismun manna — sem virðist vera þeim all-sameiginlegt í sambandi við fæðingaráhrif Jesú Krists. Þrátt fyrir alla háreysti og ýmsa miskliðu, skapar hún með kristnum þjóðum eftirtektarverða samstillingu. Furdulega alment tekur mennina tökum sú tilfinning, að jólin séu sönn og réttá friðarhátíð. Um jólin verða þeir einhvers varir, sem hastar með valdi á bardagaðli þeirra.

Undurfagri boðskapurinn um "dýrð guðs í upphæðum og frið á jörðu", hefir enn sem fyrri dásamlegan mátt yfir mannhjörtum. — Vissulega er lífið stríð, þrotlaus barátta fyrir flestum. Þeim mun yndislegri er til þess að vita, hve ljúflega kyrrir í margri mannsál — einmitt um blessuð jólin. Storminum slotar — í svip. Í áhyggju-fannbyl erfiðleikanna rofar sem snöggvást fyrir sólskini æðrulausrar ástúðar og viðkvæmni. —

Friður á jörð! Líklega hefir aldrei verið meira rætt um frið á jörð, alþjóðafrið, en nú á þessu líðandi ári. Megi þá hátíð friðarins, sem nú fer í hönd, ljá þeim hugsjónum nýja, máttuga vængi, til að flýttja þær nær takmarki veruleikans.

Friður á jörð! — Þótt hernaðarsyndin væri útlæg ger af öllum þjóðum heims, væri, með því einu, enn ekki fenginn friður á jörð. Meðan borgarar og stéttir þjóðanna hverfa ekki brott úr skotgröfum viðskiftalífsins, lífsbaráttunnar, þá hafa þeir enn mikils að biðja, sem frið þrá. Mætti Betlehemsstjarnan hjálpa mannkyninu til þess, að sjá þau hjaðningavíg í réttu ljósi. —

Friður á jörð! — Þótt friður fengist milli þjóða, og friður milli manna, kynni þó enn að vanta frið á jörð, — þann frið, sem æðri er öllum skilningi, hið innra friðarljós, er logar á kveikjum hins hulda og ósýnilega. Enn þá kynni hinu dulræna hungri mannhjartans eftir samfélagi við sér fullkomnara líf, Allífið, guð föður, að vera ósvalað. Megi þá blessuð jólin í þetta sinn, og ávalt, flýttja sem flestum þann óumræðilega frið guðs, er svalar hungandi hjarta og sekri sárvizku. Dýrð sé guði í upphæðum og friður á jörðu!

Fr. A. Fr.

Ef jeg væri guð um jólin.

Ef jeg væri guð um jólin — en jeg er bara maður — jeg dræpi á dyr hjá öllum, svo dýrðlega himinglaður. Jeg harðstjórans snerti hjarta og hlýjaði það og mýkti, og sál hans með sólskinsvendi jeg sópaði, unz ljós þar ríkti. Ef jeg væri guð um jólin — en jeg er bara maður. —

Ef jeg væri guð um jólin — en jeg er bara maður — jeg brosti við hverju barni, svo barnslega himinglaður; Jeg vefði þau öll í einu að ástríku föðurharta; með sólskin frá sálu minni jeg sál þeirra gerði hjarta. Ef jeg væri guð um jólin — en jeg er bara maður. —

Ef jeg væri guð um jólin — en jeg er bara maður — þá kysti eg heitum kossi, svo klökknandi himinglaður, þau stráin, sem bogin stríða við storminn í veikleik sínum og vefði þau öll í eining um eilíft í faðmi mínum. Ef jeg væri guð um jólin — en jeg er bara maður. —

Sig. Júl. Jóhannesson.



Endurminningar.

Mörg ein vaknar hugsun hlý, heima þegar unum, löngu horfnar æsku í endurminningunum.

Sérstaklega það er þó, þegar nálgast jólin. Þar sem alt er þakið snjó, þekkjast engin skjólin.

Löngum jóla' um leytið var lyngt og fagurt veður, — æskuna, sem alstaðar innilega gleður.

— Þá er eins og endurnært afl sé gleði hjóla. — Einkum var það öllum kært aðfangadag jóla.

Alaðu jörð var oft það kvöld. — Á ef maður horfði, sýndist eins og silfurþjóld sveið á yfirborði.

Æskuhugir um þá tíð álykta svo gjörðu: Einhver helgiblaða blíð breiddist yfir jörðu.

Hreint svo virtist heiðið blátt — himingulli dregið, — sem af höndum hátt og látt hefði verið þvegið.

Máninn skærri birtu bar, bjarna sló á frera. Jafnvel stærri stjörnurnar stundum þóttu vera.

Hæst frá guðdóms hallarburst helt var geislafossi, meðan hugblítt heilsuðust himinn og jörð með kossi.

Þannig úti og inni var, andleg vermdí sólin. Eldra fólkið einnig bar annan svip um jólin.

Óánægja að engu varð, erjur lögðust niður. Það var eins og gengi í garð gleði, ró og friður.

Langa nóttin litum brá — ljós í hverju horni. — Fæðum látúns lömpum á logaði fram að morgni.

Undir lestri enginn svaf, er var helgi þrunginn. Þeim, er ljós og lífið gaf, lof og dýrð var sungin.

Fólk var kvatt til kirkju þá, kveldsöng á að hljóða; bænr fram að bera og fá blessun helgra tíða.

Þó að illa þætti skrydd, — þiljuð gömlum viðum, — ljósum öll var innan þrydd eins á báðum hliðum.

Sæta' ei grand þó sýndist van suma standa fýsti. Sérhver andlit alvaran unaðsblandin lýsti.

Líkt var, sem að liðu þar létt um húsið kalda einhverskonar ylgeislar æðstu kærlíksvalda.

Hræðu ljúft í hverri sál hina beztu strengi, söngur, tón og trúarmál, túlkuð vel og lengi.

Sérhver óms á öldum flaug eins og fugl á vorin, hrifningar úr helgri laug hreinn og endurborinn.

Svo var haldið heim á leið, — hjarnið lífsfjör kveikir. — Saklaus skemtun barna beið, bæði spil og leikir.

Flik og kerti fengu hjú — fáar voru tafir. — Þetta myndu þykja nú þunnar jólagjafir.

Þó á Fróni fyndist kalt fábreytt líf um vetra, þá var fólkið þrátt fyrir alt þrefalt sælla og betra.

Lít eg trega munar með margt, er forðum skeði. Hefi eg aldrei síðan séð sanna jólagleði.

Sannleik þann, með vinsemd vel vorum unga lýði. Hreint og einlægt hugarþel hæst er jólapryði.

Þorskabítur.

